

Reykjavík 23. febrúar 2016

# ÁSKORUN

## til ráðherra, alþingismanna og sveitarstjórnarmanna

Undirrituð félagasamtök taka heilshugar undir hvert orð sem fram kemur í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga.

Í skýrslunni er undirstrikuð sú alvarlega staða sem uppi er og hefur verið um langa hríð.

Að mati Ríkisendurskoðunar er sá langi biðtími sem hefur einkennt geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga óviðunandi. Auk þess að ganga gegn lögbundnum skyldum ríkisins stefnir þessi bið bæði langtímahagsmunum þess og velferð borgaranna í tvísýnu. Ef ekki er tekið á markvissan hátt á geðheilsuvanda barna og unglinga um leið og hans verður vart aukast til muna líkur þess að þungbærar og langvarandi afleiðingar, jafnvel örorka, komi síðar fram.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að stjórnvöld hafi ótvíræðar skyldur þegar kemur að geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Lög um heilbrigðisþjónustu, lög um réttindi sjúklinga, lög um málefni fatlaðs fólks og Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, tryggja börnum og unglingum rétt til eins fullkominnar heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita og fela stjórnvöldum þá skyldu að sjá þeim fyrir þeirri umönnun sem velferð þeirra krefst.

Seint verður undirstrikað mikilvægi snemmtækrar íhlutunar á grunnstigi og hver beinn fjárhagslegur ávinningur hlýst af henni. Ótalin eru þá þau áhrif sem aðgerðaleysi hefur óhjákvæmilega á þann sem þjónustuna skortir og alla sem að honum standa.

Undirrituð skora á stjórnvöld að bregðast nú þegar við athugasemdum sem fram eru settar í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Frjáls félagasamtök hafa til fjölda ára, ítrekað vakið athygli á ástandinu og afleiðingum aðgerðaleysis.

Nú er lag til að láta verkin tala og treysta undirrituð því að ráðamenn sýni skilning sinn í verki.

**ADHD samtökin**  
**Barnaheill - Save the Children á Íslandi**  
**Einstök börn**  
**Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð**

**Átak, félag fólks með þroskahömlun**  
**Einhverfusamtökin**  
**Landssamtökin Þroskahjálp**  
**Umhyggja – félag til stuðnings langveikum börnum**

### Nánari upplýsingar veita framkvæmdastjórar félaganna:

<b>ADHD:</b>	Pröstur Emilsson	<a href="mailto:the@adhd.is">the@adhd.is</a>	s. 822 8777
<b>Átak:</b>	Aileen Soffía Svendsdóttir	<a href="mailto:atak@throskahjalp.is">atak@throskahjalp.is</a>	s. 857 7769
<b>Barnaheill:</b>	Erna Reynisdóttir	<a href="mailto:erna@barnaheill.is">erna@barnaheill.is</a>	s. 553 5900
<b>Einhverfusamtökin:</b>	Sigrún Birgisdóttir	<a href="mailto:sigrun@einhverfa.is">sigrun@einhverfa.is</a>	s. 897 2682
<b>Einstök börn:</b>	Guðrún Helga Harðardóttir	<a href="mailto:einstokborn@einstokborn.is">einstokborn@einstokborn.is</a>	s. 699 2661
<b>Þroskahjálp:</b>	Árni Múli Jónasson	<a href="mailto:arnimuli@throskahjalp.is">arnimuli@throskahjalp.is</a>	s. 691 2290
<b>Sjónarhóll:</b>	Ómar Örn Jónsson	<a href="mailto:sjonarholl@sjonarholl.net">sjonarholl@sjonarholl.net</a>	s. 820 2474
<b>Umhyggja:</b>	Ragna K. Marinósdóttir	<a href="mailto:ragna@umhyggja.is">ragna@umhyggja.is</a>	s. 863 4243